

Samþykktir SKÓP Atvinnu- og Nýsköpunarsetur ses.

1. gr.

Félagið er sjálfseignarstofnun og er nafn þess SKÓP atvinnu- og nýsköpunarsetur ses.

2. gr.

Heimilisfang SKÓP Atvinnu- og Nýsköpunarseturs er Hlíðarsmári 10, 201 Kópavogur.

3. gr.

Tilgangur stofnunarinnar er rekstur á atvinnu- og nýsköpunarsetri þar sem frumkvöðlar, einyrkjar, ný fyrirtæki og sprotafyrirtæki geta leigt aðstöðu og fengið stuðning við að koma sinni hugmynd eða starfsemi áfram. Enn fremur að efla samstarf frumkvöðla og fyrirtækja við atvinnulífið.

4. gr.

Stofnandi SKÓP atvinnu- og nýsköpunarsetur er Kópavogsbær.

5. gr.

Stofnfé: Kópavogsbær kt. 700169-3759 kr. 8.000.000 kr,-

Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim eignum er hún kann að eignast síðar. Engin sérréttindi í stofnuninni tilheyra stofnendum hennar.

6. gr.

Tekjur stofnunarinnar skulu vera:

Framlög stofnanda

Tekjur af þjónustu sem stofnunin veitir

Félagsgjöld

Styrkir, gjafir eða önnur framlög sem stofnuninni kunna að berast.

Aðrar tekjur.

7. gr.

Stjórn SKÓP skal skipuð fimm stjórnarmönnum og tveimur varamönnum. Stjórnin skal kosin til tveggja ára. Þrír stjórnarmenn skulu tilnefndir af bæjarstjórn Kópavogsbæjar og tveir skulu kosnir á ársfundi stofnunarinnar.

Þau fyrirtæki sem greitt hafa árgjald til stofnunarinnar skulu hafa kjörgengi og kosningarétt á ársfundi til stjórnarkjörs, skv. 1. mgr. Eitt atkvæði fylgir hverju greiddu árgjaldi. Skulu þeir tveir einstaklingar sem fá flest greidd atkvæði í kosningu vera réttkjörnir í stjórn.

Einn varamaður skal tilnefndur af bæjarstjórn Kópavogs og einn varamaður skal kosinn á ársfundi. Sá aðili sem næstur er inn í stjórn á grundvelli atkvæðafjölda skal teljast rétt kjörinn varamaður skv. 1. mgr. Varamenn taka þannig sæti að við forföll aðalmanns tilnefndum af bæjarstjórn skal fyrsti varamaður taka sæti. Við forföll aðalmanns kosnum á ársfundi skal varamaður kosinn á ársfundi taka sæti.

Stjórnarkjör skal skarast þannig að bæjarstjórn skal tilnefna þrjá fulltrúa þegar ártal ber upp á slétta tölu en ársfundur skal kjósa tvo fulltrúa þegar ártal ber upp á oddatölu.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum og velur hún sér formann, varaformann, ritara og gjaldkera. Stjórnin stýrir öllum málefnum stofnunarinnar og kemur fram fyrir hönd hennar.

Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi hennar sé jafnan í réttu og góðu horfi. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda stofnunina. Stjórn stofnunarinnar getur veitt prókúruumboð fyrir stofnunina.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tök á að fjalla um málið, sé þess nokkur kostur. Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála. Halda skal fundargerðarbók um það sem gerist á stjórnarfundum og skulu fundargerðir sendar stofnanda.

8. gr.

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda og skal boða fundi með a.m.k. þriggja daga fyrirvara. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfunda. Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

9. gr.

Stjórn stofnunarinnar hefur heimild til að ráða framkvæmdastjóra og ákveður starfskjör hans. Framkvæmdastjóri ræður annað starfsfólk. Framkvæmdastjóri hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri stofnunarinnar og kemur fram fyrir hönd hennar í öllum málum sem varða venjulegan rekstur.

Framkvæmdastjóri hefur heimild til setu á stjórnarfundum þótt hann sé ekki stjórnarmaður. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur stofnunarinnar, sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum.

10. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal velja einn eða fleiri löggilta endurskoðendur (eða skoðunarmenn) ásamt varamönnum til að kanna reikninga stofnunarinnar fyrir hvert starfsár. Endurskoðendur má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna eða starfsmanna félagsins

11. gr.

Starfsár og reikningsár er frá 1. janúar til 31. desember. Stjórnin skal hafa lokið gerð ársreiknings og lagt hann fyrir endurskoðendur eigi síðar en 31. mars ár hvert. Ársfund stofnunarinnar skal halda fyrir lok júlí ár hvert. Ársfundur skal boðaður með tveggja vikna fyrirvara með opinberri auglýsingu og dagskrá.

12. gr.

Hagnaði sem verður af starfsemi stofnunarinnar skal varið til þeirra verkefna er greinir í 3. gr. samþykktu þessara. Þó er stjórn hennar heimilt að leggja sanngjarna fjárhæð til hliðar til að tryggja fjárhagsstöðu og áframhaldandi rekstur stofnunarinnar. Hugsanlegt tap af starfsemi stofnunarinnar verður greitt úr sjóðum félagsins eða fært á næsta reikningsár. Óheimilt er að skuldbinda stofnunina umfram það sem nemur $\frac{3}{4}$ eign fjár hennar á hverjum tíma nema með samþykki allra stjórnarmanna.

13. gr.

Heimilt er að breyta samþykktum stofnunarinnar og þarf til þess samþykki allra stjórnarmanna stofnunarinnar á tveimur fundum stjórnar, sem haldnir skulu með minnst einnar viku millibili, svo og samþykki þeirra aðila sem hafa lagt fram minnst 2/3 hluta þess stofnfjár sem farið er með ákvæði fyrir.

Til að auka skuldbindingar stofnunarinnar þarf þó samþykki þeirra allra.

14. gr.

Með tillögum um slit og skipti á stofnuninni skal fara sem um breytingar á samþykktum þessum. Komi til þess að stofnunin verði lögð niður skal hrein eign hennar renna til hliðstæðra verkefna og tilgreind eru í 3. gr. eftir nánari ákvörðun stjórnar.

15. gr.

Þar sem ákvæði samþykpta þessara ná ekki til um hvernig með skuli farið, skal hlíta ákvæðum laga um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur nr. 33/1999, svo og öðrum lagaákvæðum er við geta átt.